

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar vegna háspennulagna í jörðu – styrking kerfis og nýir háspennustrengir í Laugardal.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) staðfesti 10. ágúst 2026 óverulega breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, sem samþykkt var í borgarráði 13. mars 2025.

Í breytingunni felst heimild til lagningar tveggja 132 kV háspennustrengja til að tengja nýja aðveitustöð að Sægörðum við núverandi flutningskerfi raforku, annars vegar frá Glæsibæ og hins vegar frá aðveitustöð í Borgartúni.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, 10. ágúst 2026.

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 24. ágúst 2026